

Sent Reykjavíkurborg - Skipulags- og byggingasviði

Reykjavík 09. desember 2003
2003110024/016-0
SB/hj

Breyting á deiliskipulagi Háskóla Íslands austan Suðurgötu

Vísað er til bréfs frá Skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar dags. 21. nóvember sl. þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er beðin um umsögn um breytingu á deiliskipulagi lóðar HÍ austan Suðurgötu. Breytingin felst í því að fyrirhuguðum göngum undir Hringbraut vestan Njarðargötu er breytt í göngubrú. Göngubrúin, sem byggð verður á súlum, nær að hluta til yfir NA-horn friðlandsins í Vatnsmýri.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur ekki að þessi framkvæmd ein og sér hafi afgerandi áhrif á friðlandið. Þar sem brúin skarast við friðlandið er hún á lofti, haldið uppi af súlum. Mjög ólíklegt er talið að umferð um göngubrúna valdi truflun á lífríki innan friðlandsins. Hugsanlega má einnig nýta þessa framkvæmd á jákvæðan hátt fyrir friðlandið og íbúa borgarinnar, þ.e. með því að hafa á brúnni útsýnispall þar sem komið yrði fyrir upplýsingaskilti um sögu, gróður og fuglalíf Vatnsmýrarinnar.

Hins vegar telur Náttúrufræðistofnun Íslands að skipulagsyfirvöld eigi að hafa fyrir almenna reglu að virða mörk friðlanda innan borgarmarkanna og haga hönnun mannvirkja í samræmi við það. Annars er hætt við að framkvæmdir, stórar og smáar, þrengi smátt og smátt að þessum svæðum svo að upprunalegt hlutverk þeirra glatist.

Stofnunin bendir á að þessi framkvæmd er ekki sú fyrsta sem skarast við friðlandið í Vatnsmýrinni. Þegar náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands var valinn staður var friðlandsmörkunum t.d. hnikað verulega.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

